

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 30. apríl 2013
Tilvísun: UST20130400079/bs

Borgarbraut, frá Merkgili að Bröttusíðu. Umsógn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 10. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða lagningu nýrrar Borgarbrautar milli Merkgils og Bröttusíðu. Þessi kaflir er um 430 m að lengd. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er að mestu í öröskuðu mólendi.

Helstu umhverfisáhrif umræddrar framkvæmdar eru talin verða vegna umferðarhávaða og neikvæð áhrif umferðar á loftgæði.

Til að hljóðvist við Borgarbraut verði í samræmi við viðmiðunarmörk um hljóðvist í reglugerð um hávaða nr. 724/2008 verða gerðar lágur jarðvegsmanir til að tryggja að hljóðvist við húsvegg næst Borgarbraut verði í samræmi við viðmiðunarmörk.

Í tilkynningarskýrslu er gerður samanburður á loftgæðum á fyrirhugaðri Borgarbraut annars vegar og gatnamótum Glerárgötu og Tryggvabrautar hins vegar og dregin sú ályktun að loftgæði á Borgarbraut verði ekki verri hvað varðar svifryk og köfnunarefnisdíoxíð. Tímabilið sem miðað er við er eitt ár frá 15. des. 2010 - 15. des. 2011. Umhverfisstofnun vill benda á umræddu tímabili var ástand á fyrrnefndum gatnamótum óvenju gott miðað við næstu ár á undan og eftir. Því er vart um marktækan samanburð að ræða. Stofnunin telur jafnframt að lágur hljóðmanir bæti óverulega loftgæði í þeim húsum sem næst verða Borgarbraut.

Umhverfisstofnun telur að loftgæði og hljóðvist muni versna verulega frá því sem nú er í þeim húsum sem næst munu standa fyrirhugaðri Borgarbraut. Með mótvægisáðgerðum ætti að vera unnt að draga verulega úr neikvæðum áhrifum a.m.k. hvað hljóðvist varðar.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að fyrirhuguð lagning Borgarbrautar muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun telur að notkun korta til að lýsa framkvæmd hefði mátt vera skýrari.

Virðingarfyllst
Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
sérfræðingur

Sigríður Kristjánsdóttir